



Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840Laugarvatn

Reykjavík 19. febrúar 2015
UST201502-064

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2000 – 2012 í landi Syðri-Reykja, Hrosshóll, efnisnáma


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita er barst 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Syðri Reykja á efnistökusvæði er nefnist Hrosshólsnáma.


Staðhættir

Náman er staðsett syðst í landi Syðri Reykja í Biskupstungum. Landnotkun á svæðinu nú er landbúnaðarsvæði sem breytist í efnistökusvæði. Fram kemur í tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2000 - 2012 að áætlað svæði sem náman kemur til með að ná yfir er 49,900 m² og efnistaka af svæðinu verður allt að 149.900 m³. Þar af leiðandi þarf skv. 1. viðauka liðar 2.03 í lögum nr. 106/2000 m.s. breyt. að tilkynna náminu til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Landið sem náman er áætluð á er ekki á svæði á náttúruvinnjaskrá, og á svæðinu eru ekki jarðmyndanir eða vistgerðir er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki að öðru leyti athugasemd við breytingartillöguna.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur